

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
30. nóv. 2010 10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. nóvember 2010

Tilvísun: UST20101000077/jbw

Tillaga að deiliskipulagi svæðis Fannborgar í Ásgarði, Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 20. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi Ásgarðs í Kerlingarfjöllum.

Mannvirkjagerð

Umhverfisstofnun bendir á ósamræmi í umfjöllun um mannvirki á milli töflu á bls. 12 í greinargerð og skipulagsuppdráttar og fleiri atriði sem þarf að lagfæra. Í töflunni er til að mynda ekki fjallað um öll megin mannvirkin. Einnig er nauðsynlegt að auðkenna mannvirkin í töflunni með sama hætti og á uppdrætti svo að ljóst sé hvaða mannvirki er verið að fjalla um. Í tengslum við framangreint er mikilvægt að lagfæra eftirfarandi atriði:

- Í töflunni er ekki fjallað um fyrirhugað gistihús á reit A, það er gistihús á tveimur hæðum, að hámarki 310 m² að flatarmáli. Úr þessu þarf að bæta.
- Erfitt að átta sig á hvaða fyrirhugaða hús um ræðir í töflunni sem verður allt að 450 m² að flatarmáli á einni hæð, staðsett við hlið innkeyrslu í dalinn, vestan hesthúss. Eina húsið á skipulagsuppdrætti (á blaði 2) norðvestur af hesthúsi er reitur merktur C þar sem þjónustumiðstöð á einni hæð, að hámarki 130 m², er fyrirhuguð.
- Ekki er hægt að sjá að „Herragarður“, sem fjallað er um í töflunni, sé merktur inn á skipulagsuppdrátt.
- Í töflunni stendur að fyrirhugaður búningsklefi og gufubaðshús verði við borholur 3 og 4 en á skipulagsuppdrætti eingöngu við borholu 3. Leiðréttu þarf þetta ósamræmi.
- Fyrirhuguð ný borhola norðan við Keis (skálinn Kastali) er ekki merkt inn á skipulagsuppdrátt (blað 1). Úr þessu þarf að bæta.

- Hæð fyrirhugaðs fjarskiptamasturs á Ásgarðsfjalli er ekki gefin upp á uppdrætti né í greinargerð. Úr þessu þarf að bæta.

Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Deiliskipulagssvæðið er innan Miðhálandisins. Í svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 er athafnasvæði Fannborgar í Ásgarði skilgreint sem skálasvæði. Með síðari breytingu á svæðisskipulaginu, árið 2005, var skilgreiningu svæðisins breytt úr skálasvæði í hálandismiðstöð og er þar gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á þjónustusvæðum fyrir ferðamenn. Athafnasvæði Fannborgar er því í samræmi við aðalskipulag Miðhálandisins.

Deiliskipulagssvæðið tilheyrir Hrunamannahreppi. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepp 2005-2015 eru sett skilyrði sem deiliskipulag á svæði Fannborgar í Kerlingarfjöllum þarf að uppfylla. Þau skilyrði voru uppfyllt við gerð deiliskipulagsins sem er því í samræmi við aðalskipulagið.

Náttúruminjar

Kerlingarfjöll eru á náttúruminjaskrá, svæði nr. 732 og um svæðið segir þar „*Kerlingarfjöll, (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en að austan um Kisubotna og Mosdal*“. (2) „*Stórbrotið og litrikt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði*“.

Athafnasvæði Fannborgar í Ásgarði er utan framangreinds svæðis á náttúruminjaskrá og mun því ekki hafa bein áhrif á það. Hins vegar eru fyrirhugaðar framkvæmdir sunnar á deiliskipulagssvæðinu innan þess, það er um 20 m² búningsklefi og gufubaðshús við borholu 3, ný setlaug með palli og skjólvegg í Hveradölum og ný borhola norðan við Keis. Að mati Umhverfisstofnunar getur frekari uppbygging á svæðinu því haft bæði bein og óbein neikvæð áhrif á svæðið á náttúruminjaskrá vegna þeirrar stefnu deiliskipulagsins að auka talsvert fjölda ferðamanna á svæðinu. Búast má við að umferð muni aukast töluvert um viðkvæm svæði Kerlingarfjalla. Í þessu sambandi fagnar stofnunin og tekur undir eftirfarandi markmið deiliskipulagsins: „*Mikilvægt er að umferð verði í samræmi við þol lansins. Nauðsynlegt er að vanda til móttöku ferðamanna og gera ráðstafanir til að draga úr ágangi á viðkvæma náttúru, s.s. gróið land, hverasvæði o.fl.*“. Stofnunin telur afar brýnt að forsvarsmenn ferðaþjónustunnar í Ásgarði taki mið af ágangspoli náttúrunnar við þessa uppbyggingu og tryggi að öll aðstaða og umgengni miði að því að aukinn straumur ferðamanna skaði ekki svæðið. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að framkvæmdar verði rannsóknir á álagsþoli Kerlingarfjalla. Stofnunin telur jákvætt að staðið hafi verið að kortlagningu göngu- og reiðleiða við gerð þessa skipulags og að áhersla hafi á síðustu árum verið á að ákvarða og afmarka gönguleiðir og merkja þær. Hér er um mikilvægt verk að ræða í þeirri viðleitni að stýra umferð um Kerlingarfjöll og minnka þannig álag á viðkvæm svæði.

Fjarlægð frá Ásgarðsá

Út frá uppdrætti, blað 2, er ekki hægt að ráða í hver sé fjarlægð fyrirhugaðs 20 m² búningsklefa og gufubaðshúss frá bakka Ásgarðsár. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er kveðið á um að ekki skuli reisa mannvirki nær ám og vötnum en 50 metra. Í III. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um almennarétt, umgengni og útivist, kemur fram að tryggja skuli aðgengi almennings m.a. meðfram ströndum og vötnum. Umhverfisstofnun telur því að sú 50 m regla sem kveðið er á um í skipulagsreglugerð sé algjört lágmark og að á útivistarsvæðum sé viðeigandi að fjarlægðin sé a.m.k. 100 m.

Vatnsveita

Í greinargerð kemur fram að neysluvatn er tekið í brunn í gili innan við innsta húsið í húsaröð austan Ásgarðsár og að baðvatn sé tekið úr læk sem rennur í Ágarðsá úr vestri, skammt innan við húsaröð vestan árinna. Einnig kemur þar fram að aukin þörf verði á neysluvatni á svæðinu og að leita þurfi af fleiri uppsprettum vegna þess. Umhverfisstofnunin bendir á að öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skuli vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og að vatnslindir falli undir vatnsvernd samkvæmt ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Einnig bendir stofnunin á að allt jarðrask vegna vatnslagna í jörð eigi að lagfæra og færa svæði í fyrra horf.

Fráveitumál

Hætta er á mengun vatns/grunnvatns vegna frárennslis. Í greinargerð kemur fram að fráveita frá öllum húsum austan árinna hafi verið sameinuð og tengd rotþró og að tæming rotþróar sé samkvæmd ákvæðum reglugerðar. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að farið sé eftir kröfum í 13.1 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 enda er í svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 ákvæði um ströngustu kröfur er varðar salernisaðstöðu og meðferð frárennslis á hálandismiðstöðvum. Einnig bendir stofnunin á að í greinargerð er ekki fjallað um fráveitumál í tengslum við snyrtingu við borholu 3 og mikilvægi þess að farið sé eftir ströngustu kröfum um fráveitumál vegna þess að svæðið er á náttúruminjaskrá. Að lokum bendir stofnunin á mikilvægi þess að allt jarðrask vegna frárennslislagna og rotþróa í jörð innan deiliskipulagssvæðisins verði lagfært og fært í fyrra horf.

Úrgangur

Hætta er á mengun vatns/grunnvatns vegna úrgangs og er rusl lýti í umhverfinu. Í greinargerð kemur fram að sorpi sé safnað saman á svæðinu og ekið á safnsvæði við Flúðir eða önnur safnsvæði sorps í uppsveitum Árnassýslu. Ekki kemur fram í greinargerðinni hvort að á deiliskipulagssvæðinu sé gámur eða ruslatunnur. Í þessu sambandi gerir Umhverfisstofnun ráð fyrir að farið sé eftir reglugerðir um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003 enda er í svæðisskipulagi Miðhálandisins ákvæði um ströngustu kröfur er varðar meðferð sorps á hálandismiðstöðvum. Mikilvægt er að öllu rusli sé safnað saman reglulega á svæði Árborgar og sunnar innan svæðis á náttúruminjaskrá.

Ásýnd mannvirkja

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um sjónræn áhrif fyrirhugaðra mannvirkja innan deiliskipulagsins, né áhrif á landslag. Stofnunin telur brýnt að um þau áhrif sé fjallað í umhverfisskýrslu með áherslu á hæstu og stærstu mannvirkin, s.s. tveggja hæða 310 m² gistihúss á reit A og fjarskiptamastur á Ásgarðsfjalli, sem og áhrif fjölgunar húsa/mannvirkja.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að útlit og form nýrra húsa/mannvirkja verði í samræmi við eldri hús/mannvirki og að húsín/mannvirkin verði máluð í mildari litum, jarðlitum, en nú er svo að þau falli sem best að landi. Samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 35. gr., skal við hönnun mannvirkja innan svæðis á náttúruminjaskrá gæta þess að þau falli vel að svipmóti landsins. Því telur stofnunin mikilvægt að í skipulagsskilmálum sé gerð krafa um útlit bygginga á svæðinu

Mannvirkjagerð, jarðrask

Ljóst er að við byggingu húsa, lagningu fráveitulagna og rotþróa í jörð og fleiri framkvæmda verður jarðrask og mun gróður fara forgörðum. Á skipulagsuppdrætti kemur fram að á hluta framkvæmdasvæðanna er náttúrulegur lyngmói og í töflu á bls. 15 greinargerðinni kemur fram að áhersla verði lögð á að staðsetja byggingar á ógrónu landi sé þess kostur. Það er mat Umhverfisstofnunar að óhjákvæmilega verði staðbundin neikvæð áhrif á náttúrulegan gróður á hluta svæðisins. Stofnunin telur því mikilvægt að reynt verði að lágmarka jarðrask í lyngmóanum. Þar sem gróður raskast, s.s. utan við mannvirki og við niðursetningu lagna og rotþróa í jörð, er ýmist hægt að varðveita gróðurþekju lyngmóa og leggja aftur yfir svæðin eða að græða upp með grastegundum sem ríkjandi eru í lyngmóanum.

Jarðhitasvæðið


Í greinargerð kemur fram að á athafnasvæði Fannborgar hafi á tveimur stöðum verið sett upp baðaðstaða, það er við borholu í gili Ásgarðsár þar sem rennsli frá henni er nýtt, og í Hveradölum þar sem yfirborðsvatni frá leirhverum er veitt í lítið lón. Einnig kemur fram að fyrirhugað sé að bora nýja 300-500 m djúpa borholu við jarðhitasvæðið. Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum, sem eru innan svæðis á náttúruminjaskrá, er afar brýnt að vandað sé vel til verka, öllu jarðraski sé haldið í algjöru lágmarki og gengið sé vel frá svæðum að framkvæmdum loknum. Stofnunin bendir á að skv. 37. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 njóta hverir og aðrar heitar uppsprettur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Einnig bendir stofnunin á að djúpborun kunní að vera tilkynningaskyld framkvæmd sbr. 2. viðauka (lið 2c. ii.) laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.


Niðurstaða Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að svæði á náttúruminjaskrá og næsta nágrenni þess spillist ekki með aukinni umferð um svæðið, aukinni mannvirkjagerð og vegna frárennslis- og úrgangsmála.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi svæðis Fannborgar í Ásgarði, Kerlingafjöllum.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weisshappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun